

Advania útflutningur

Uppsetning

Advania útflutningur

Útflutningsferli eru lögbundin líkt og önnur stjórnsýsla, og um þau gilda fjölmargar reglur sem tryggja rétta meðhöndlun við inn- og útflutning. Mikilvægt er að skrá allar vörur sem fluttar eru til eða frá landinu, þar sem sú skráning er forsenda fyrir tollheimtu og tollefirliti. Því ber öllum sem stunda milliríkjavíðskipti—þar á meðal innflytjendum, útflytjendum og öðrum víðskiptavinum tollsins—að skila upplýsingum til tollayfirvalda í útflutningsskýrslu um þær vörur sem fara yfir landamæri.

Útflutningskerfi Advania einfaldar þessa framkvæmd verulega. Kerfið heldur utan um öll helstu atriði sem nauðsynleg eru fyrir öruggan og skilvirkan útflutning, þar á meðal:

- **Gagnaöflun frá Skattinum**, m.a. með notkun grunnskráa.
- **Skilgreiningu notenda** á eigin vinnuferlum í kerfinu, sem auðveldar aðlögun að mismunandi þörfum fyrirtækja.
- **Daglega vinnslu útflutningstengdra verkefna**, svo sem yfirlit yfir sendingar, stöðu mála, útreikninga tengda útflutningi, kostnaðarliði og fleira.

Flytja út ▾
Uppsetning ▾
Allar skýrslur
≡

[Í vinnslu](#)
[Staðfestur útflutningur](#)
[Bókaður útflutningur](#)

Kerfið gefur fyrirtækjum kost á að setja upp útflutningsskýrslu með útreikningi. Kerfið les inn tollskrá á tölvutæku formi frá Skattinum.

1. UPPSETNING

Útflutningsgrunnur

Til að hefja uppsetningu á útflutningskerfinu þarf að ganga frá öllum nauðsynlegum stillingum undir **Uppsetning → Útflutningsgrunnur**.

1. Farðu í valmyndina **Uppsetning**.
2. Veldu **Útflutningsgrunnur**.
3. Fylltu út allar viðeigandi upplýsingar og vandaðu til stillinga áður en notkun kerfisins hefst.

Flytja út ▾
Uppsetning ▾
Allar skýrslur
≡

Útflutningsgrunnur	Tollskrá	Skráning tollgengis	<u>Flutningsmátar</u>	Uppset
SMT stofngögn	Tolltegundir landa	kostnaðaliðir	Flutningsaðilar	Magnt
Tollskrárflokkur	Vörflokkar tollakerfis	Afhendingarmátar	Lönd/svæði	Tollskrá



Útflutningsgrunnur

Aðgerðir ▾

Sjálfvirkni ▾

Almennt

Númeraröð útflutnings	T-ÚTFLUTN.
Númeraröð afhendingar	GREIÐSLU
Heiti sniðmáts	ALMENNT

Uppsetning númeraraða og sniðmáts bókakeyslu undir Almennt-flipnum

- Númeraröð fyrir útflutningsskýrslur**
 - Farðu í flipann **Almennt**.
 - Smelltu á örina við reitinn fyrir *númeraröð útflutningsskýrslna*.
 - Veldu „Stofna nýja númeraröð“ og fylltu inn viðeigandi upplýsingar.
- Númeraröð fyrir greiðslur**
 - Endurtaktu sama ferli fyrir reitinn *Greiðslunúmeraröð*.
 - Smelltu á örina, stofnaðu nýja númeraröð og fylltu út.
- Val á sniðmáti fyrir bókakeyslu**
 - Í reitnum *Sniðmát bókakeyslu*, veldu sniðið **ALMENNT** eða annað viðeigandi sniðmát eftir þörfum.

Þessar aðgerðir tryggja rétta útfærslu á númeraröðum og bókakeyslum fyrir útflutningsferlið.

Skref fyrir skref: Uppsetning bókakeyslu undir sérstöku heiti og númeraraðar fyrir útflutningsskýrslur

- Stofnun bókakeyslu undir sérstökum heiti**
 - Farðu í viðeigandi stillingar fyrir bókakeyslur.
 - Smelltu á örina við reitinn *Heiti keyrslu*.
 - Veldu „Stofna nýja línu“ og sláðu inn heitið, t.d. **T-ÚTFLUTN.**
- Uppsetning númeraraðar fyrir útflutningsskýrslur**
 - Veldu nýju línuna sem þú stofnaðir (t.d. T-ÚTFLUTN).
 - Smelltu á örina við reitinn fyrir númeraröð.
 - Veldu „Stofna nýja númeraröð“.
 - Í reitinn *Upphafsdagsetning* setur þú viðeigandi dagsetningu (t.d. **01.01.25**).
 - Í *Númer* setur þú byrjunarnúmer fyrir árið, t.d. **U25-00001** fyrir árið 2025.
- Bæta við nýrri númeraröð í upphafi næsta árs**
 - Þegar nýtt ár byrjar (t.d. 2026), bætir þú við nýrri línu.
 - Setur *Upphafsdagsetningu* sem **01.01.26**.
 - Byrjunarnúmer verður þá t.d. **U26-00001**.

Þessi aðferð tryggir að á hverju ári notar kerfi eigin númeraröð fyrir útflutningsskýrslur, sem auðveldar utanumhald og rekjanleika milli ára.



Útflutningsgrunnur

Aðgerðir ▼ Sjálfvirkni ▼

Almennt

Númeraröð útflutnings	T-ÚTFLUTN.
Númeraröð afhendingar	GREIÐSLU
Heiti sniðmáts	ALMENNT

Sjálfgefið

Skilgreining sjálfgefinna gilda undir flípanum „Sjálfgefið“

Við uppsetningu útflutningskerfisins þarf að skilgreina eftirfarandi sjálfgefin gildi, sem hægt er að velja af fyrirfram skilgreindum listum fyrir hvert fyrirtæki:

- Tollafgreiðslumáti**
 - Veldu þann tollafgreiðslumáta sem fyrirtækið notar að jafnaði.
 - Dæmi: *US* er almennt notaður þegar um EDI tollafgreiðslu (bráðabirgðatollafgreiðslu) er að ræða.
- Tegund viðskipta**
 - Skilgreindu viðskiptategund.
 - Dæmi: *1 – Útflutningur gegn greiðslu*.
- Útflutningstollstöð**
 - Veldu tollstöð sem tengist staðsetningu fyrirtækisins.
 - Dæmi: Fyrirtæki með aðsetur í Reykjavík velur *REYTS*.
 - Í listanum eru allar tollstöðvar landsins í boði.
- Tollameðferð**
 - Tilgreindu rétta tollameðferð fyrir útflutning.
 - Dæmi: *22* stendur fyrir útflutning.
- Markaðssvæði**
 - Skilgreindu markaðssvæði eftir því hvert er flutt.
 - Dæmi: *EU* fyrir Evrópusambandið, *EES* fyrir Evrópska efnahagssvæðið, *IM* fyrir önnur lönd.
- Flutningsmáti yfir landamæri**
 - Veldu flutningsmáta sem á best við.
 - Dæmi: *90* er oftast notað fyrir útflutning.
- Flutningsaðili**
 - Veldu þann flutningsaðila sem fyrirtækið notar oftast við útflutning.
- Vátryggingaraðili**
 - Skráðu inn þann aðila sem sér um tryggingu sendingarinnar.

9. Bankareikningur til greiðslu

- Skilgreindu bankareikninginn sem greiðslur eru lagðar inn á.

Fyrir alla þessa valmöguleika eru til staðar listar í kerfinu, þar sem hægt er að velja þá aðila eða stillingar sem eiga best við fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Sjálfgefið

Tollafgreiðslumáti	UA
Tegund viðskipta	1
Útflutningstollstöð	REYTS
Tollmeðferð	22
Markaðssvæði	EU

Valkostir

Skilyrði við uppsetningu: Áskilnaður og bókun í færslubók

Við uppsetningu útflutningskerfisins er hægt að stilla hvort eftirfarandi atriði séu áskilin (þ.e. að ekki sé hægt að ljúka útflutningsskýrslu án þess að skrá þessa upplýsing):

- Sölumaður áskilinn**
 - Ef hakað er við að sölumaður sé áskilinn, verður að skilgreina sölumann áður en hægt er að stofna eða bóka útflutningsskýrslu.
- Flýtivídd 1 og 2 (deild, verkefni) áskilin**
 - Ef þessar víddir eru skilgreindar sem áskildar, þarf að fylla út viðkomandi reiti (t.d. *deild* eða *verkefni*) áður en hægt er að halda áfram með útflutningsskýrsluna.
- Birgðageymsla áskilin**
 - Þegar þessi stilling er virkjuð, þarf að tilgreina frá hvaða birgðageymslu varan er afganginn.
- Bóka færslu í færslubók**
 - Með þessari stillingu er ákveðið hvort færsla sé bókuð sjálfkrafa í færslubók við útflutning.

Þessi skilyrði auka öryggi og nákvæmni í færslugerð og tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar séu til staðar áður en útflutningsskýrslu er lokið og hún bókuð í kerfinu.

Valkostir

- Sölumaður áskilinn ☐
- Flýtivídd 1 áskilinn ☐
- Flýtivídd 2 áskilinn ☐

Heimasíða tollskrár

Skoðun slóða fyrir tollskrá og tollgengi

Í kerfinu eru slóðir fyrir **tollskrá** og **tollgengi** skilgreindar vegna innlesturs. Hægt er að skoða þessar upplýsingar með því að:

1. **Fara í vafrann (web browser)**
 - Klikka á slóðina þá opnast hún.
2. **Skoða XML skrár**
 - Þegar slóðin er opnuð í vafranum birtist viðeigandi XML skrá með upplýsingum um tollskrá eða tollgengi.
 - Þar má sjá allar nauðsynlegar upplýsingar sem kerfið nýtir við vinnslu útflutningsskýrsla.

Með þessum hætti er verið að sækja réttar upplýsingar og að slóðirnar séu virkar.

Heimasíða tollskrár

Heimasíða tollskrár <https://vefskil.tollur.is/tollalínan/grngi/útflutningur.a>

Innlestur tollskrá

Skoðun slóða fyrir tollskrá og tollgengi

Í kerfinu eru slóðir (URL) fyrir **tollskrá** skilgreindar. Þú getur skoðað þessar upplýsingar á eftirfarandi hátt:

1. **Finndu slóðina í kerfinu**
 - Farðu í viðeigandi stillingar þar sem slóðir fyrir tollskrá eru inn á vef Skattsins <https://www.skatturinn.is/fagadilar/tollamal/hugbunadarhus/tollskrarlyklar/>
 - Klikka á slóðina og sækja TSKUTF01012025.ZIP í þessu tilfelli s.d.

Útflutningur

Textaskrá tollskrárlykla vegna útflutnings


– Gildisdagsetning er: 01.01.2025 [TSKUTF01012025.ZIP](#)

Nýjasta breyting: 01.01.2025


- Sjá tilkynningu – [Breytingar á tollskrá, aðflutningsgjöldum og fleira sem taka gildi 1](#)

2. Opna skrá

TSKUTF01012025.ZIP



- Vista skánna niður.
- **Fara inn í BC.**
- Veldu **Útflutningsgrunnur** úr valmyndinni.
- Smelltu á flipann eða hnappinn **Aðgerðir**.
- **Veldu lesa inn gögn**
- **Veldu lesa tollskrá**
- Veldu viðeigandi skrá og staðfestu innlestur samkvæmt leiðbeiningum sem birtast á skjánum.




Nýja útflutningsskráin er lesin niður og sótt og lesin inn.

Lesi tollskrá



Hætta við



Í lagi, þá byrjar innlesturinn tekur smá stund.

Smt stofngögn

- Það þarf að fá úthlutað notandanafni og lykilorði frá Staka. Senda beiðni á netfangið hjalp@deloitte.is og gera viðeigandi samninga við þá.
- Athuga einnig EDI-adressu fyrir fyrirtækið.

←

SMT stofngögn

Búa til Verkraðarfærslu

Aðgerðakladdi

Verkraðarfærslur

Sjálfvirkni ▾

Færri valkostir

Almennt

SMT þýðandi

Staki vefþjónusta

SMT í prófun

Staki

Notendanafn

Lykilorð

Edi fyrirtæki (o)

Edi staðsetning (ou1)

Edi landakóti (c)

Edi landskerfi (a)

Edi póstmíðlari (p)

Edi annað (s)

Edi annað (g)

URL

Mapi kóti

X.400 Pósthólf

CanReceiveTransaction URL

LookupParties URL

GetPendingMessages URL

SetStatusAsFailed URL

SetStatusAsReceived URL

GetDocumentInfo URL

GetDocument URL

CreateMessage URL

GetStatus URL

Staki GWManager slóð

Notendanafn = úthlutað af Staka,

Lykilorð = úthlutað af staka,

Edi adressa = O:= fyrirtæki, C:= IS, A:= Isholf.

Annað er sjálfgefið og þarf að athuga þegar kerfið fer LIVE þarf að taka út ST prófanir.

Tollskráflokkar

- Tollskránumer eru sett upp þannig að **fyrstu tveir tölustafirnir** (t.d. „04“ í 0402.2121) **ákvarða tollflokkinn**.
- Þessir tveir tölustafir vísa til ákveðins vöruflökks eða vöruhegundar samkvæmt alþjóðlegum flokkunarreglum tollskrárinnar.

Dæmi:

Ef tollskránumer byrjar á „04“, þá tilheyrir varan tollflokki 04, sem getur t.d. verið mjólkurafurðir.

Tollskrárflokkur: Allt ▾		🔗 ▾	🔍	📄	+ Nýtt	🗑️ Eyða
Tollnúmer ↑						Lýsing
<u>00</u>	⋮					Ekki notað
01						Lifandi dýr
02						Kjöt og æti
03						Fiskur og k

Tollskrá

Tollskrályklar fyrir útflutning er lesin inn í útflutningsgrunni, engin texti fylgir innlestrinum og þarf notandinn að setja inn lýsingu eða eins og kerfið býður upp á þegar vara er notuð í útflutningi þá sækir kerfið lýsinguna frá vörunni yfir í tollskránaog vistar.

Duties List: Allt ▾		🔗 ▾	🔍	📄	+ Nýtt	🗑️ Eyða	🔄 Breyta lista
Kóti ↑							Lýsing
0101.2100	⋮						
0101.2901							Sýna fleiri valkosti
0101.2909							
0101.3000							
0101.9000							
0102.2100							
<u>0102.2900</u>	⋮						
0102.3100							

Tollategundir landa

- **B-tollar:** Lægri eða engir tollar vegna fríverslunarsamninga/upprunaréttinda.
- **E-tollar:** Almennir eða hærri tollar á vörur frá löndum utan samninga eða án upprunaréttinda.

TolltegunDIR landa: Allt v		+ Nýtt		Eyða		Breyta lista	
Kóti tolltegunar							
E							DK
B							DK
E							DE
B	:						DE
E							CZ
B							CZ
E							CY
B							CY

Útflutningagengi

Útflutningagengi er gefið út á þriðjudögum og þegar útflutningsskýrsla er stofnuð sækir kerfi nýtt gengi sjálfkrafa.

Skráning tollgengis: Allt v		+ Nýtt		Eyða		Breyta lista		Sæ
Gjaldmiðilskóti ↑								
AUD	:							9.7.2024
AUD								20.8.2024
AUD								24.9.2024
AUD								8.10.2024
AUD								5.11.2024

Kostnaðarliðir

Skilgreining og uppsetning kostnaðarskráningar

Hér er kostnaðarskráning skilgreind og unnt er að aðlaga uppsetningu hennar að þörfum hvers fyrirtækis. Með þessari aðferð er hægt að skrá ýmsa kostnaðarliði, svo sem flutningsgjöld, og tengja þá við tiltekna flutningsaðila. Notendur geta einnig bætt við fleiri flutningsaðilum, skilgreint mismunandi tegundir kostnaðar og valið viðeigandi lánardrottna sem tengjast hverjum lið. Þannig gefst færi á nákvæmri skráningu, yfirsýn og stýringu kostnaðar samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru.

Kostnaðarliður útflutnings

4

	Nr. ↑		Lýsing	Tegund
	1		Flutningskostnaður	Amount
	2		Annar kostnaður	Amount
	3		Vátrygging	%
→	4	⋮	Umboðsaðili	%

Afhendingarmátar

Hér má sjá þá afhendingarmáta sem notaðir eru í kerfinu, ásamt því hvernig útreikningum er stýrt eftir hverjum afhendingarmáta. Með því að skilgreina mismunandi afhendingarmáta er hægt að aðlagða útreikninga og ferla að sérstökum þörfum hvers tilfellis.

Útflutningsgrunnur SMT stofngögn	Tollskrárflokkur Tollskrá	Tolltegundir landa Skráning tollgengis	kostnaðaliðir Afhendingarmátar	Flutningsmátar Flutningsaðila
Kóði ↑		Lýsing		
CFR		Kostnaður og flutn.gj.		
CIF		Kostn., tryggingar og flutn.gj.		
CIN		Kostnaður og vátrygging greitt		
CIP		Flutn. og trygging greidd		
CPT		Flutn. greiddur		

Flutningsmátar

Flutningsmáti gefur til kynna með hvaða hætti sending er flutt úr landi. Í útflutningsskýrslu er sjálfgefið gildi "1" sem stendur fyrir sjóflutning, en notandi getur ávallt breytt þessum upplýsingum í skýrslunni eftir því sem við á.

Flutningsmáttar: Allt ▾ |  ▾   |  Nýtt  Eyða  Breyta lista

Kóði ↑	Lýsing
1	Sjór
2	Járnbraut
3	Vegur
4	Loft
5	Póstur
7	Föst uppsetning
9	Eigin knúningsa

Flutningsaðilar

Hér eru skráðir þeir flutningsaðilar sem notaðir eru við útflutning. Notendur geta auðveldlega bætt nýjum flutningsaðilum við listann eftir þörfum.

Flutningsaðilar: Allt ▾				🔗 ▾	🔍	📄	+ Nýtt	🗑️ Eyða	⚙️ Breyta lista	Flutningsaðili ▾	Fleiri valkostir
Kóði ↑											
DHL	:										
E											
EIG VSTJ											
EIMSKIP											
FEDEX											
L											
UPS											

Lönd - Svæði/ Markaðsvæði

Hér er stýrt skráningu landa, svæða og markaðssvæða, ásamt því að skilgreina hvernig tegundir tollafgreiðslu eiga við eftir uppruna eða áfangastað vöru. Notendur geta flokkað lönd eftir því hvort þau tilheyra Evrópusambandinu (EU) eða eru utan innri markaðar (IM). Þessi flokkun hefur áhrif á meðhöndlun vara í tollakerfinu, svo sem hvort um sé að ræða vörur innan frjálsra viðskipta ESB eða vörur sem þurfa sérstaka tollafgreiðslu við inn- eða útflutning.

Lönd/svæði: Allt					
Kóði ↑	Heiti	Tegund tollafgreiðslu	ISO-kóði	ISO-talnakóði	Aðsetursnið
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	IM			Borg+póstn
AT	Austurríki	EU			Póstnúmer+
AU	Ástralía	IM			Borg+sýsla+
BE	Belgía	EU			Póstnúmer+
BG	Búlgaría	EU			Borg+sýsla+
BR	Brasilía	IM			Borg+póstn
CA	Kanada	IM			Borg+póstn
CH	Sviss	EU			Póstnúmer+
CN	Kína	IM			Borg+póstn

Flutningsför / flutningsaðilar

1. Skilgreining flutningsfara

- Flutningsfar vísar til leiðar sem notuð er til að flytja vörur úr landi, til dæmis skip, flugvél, vörubíll eða lest.
- Í hverri útflutningsskýrslu þarf að tilgreina hvaða flutningsfar var notað við viðkomandi sendingu. Þetta tryggir rétta skráningu, rekjanleika fyrir tollayfirvöld og aðra aðila.

2. Skráning í skýrslu

- Þegar útflutningsskýrsla er fyllt út, er valið úr lista yfir skráð flutningsför. Oft eru algengustu flutningsförin þegar til á listanum, en einnig er hægt að bæta við nýjum eftir þörfum.
- Upplýsingar sem yfirleitt eru skráðar um hvert flutningsfar eru meðal annars heiti, auðkenni (t.d. skipaskráningarnúmer eða flugnúmer) og tegund farartækis.

3. Að bæta nýju flutningsfari við

- Notandi fer inn í viðeigandi hluta kerfisins þar sem listi yfir flutningsför er geymdur.
- Þar er valmöguleiki til að skrá nýtt flutningsfar, þar sem fyllt er út nauðsynlegar upplýsingar (s.s. heiti, tegund og auðkenni).
- Nýja flutningsfarið verður þá aðgengilegt á lista og hægt að velja það í næstu útflutningsskýrslum.

← Flutningsför ✓ Vistað 🔖 📄 ↗

🔍 📄 + Nýtt 🔧 Breyta lista 🗑 Eyða 🔗 🔍 ☰

Kóti ↑	Far ↑	Lýsing	Tegund
→ A	⋮	D.H.L. Hraðflutningar	
B		Tollvörugeymsla/Frís væði	Tollvörugeymsla
C	⋮	Vara flutt í tollvörugeymslu/frís væði	Tollvörugeymsla
D		Bláfugl ehf	Flugvél
E		Eimskipafélag Íslands	Skip
F		Flugleiðir	Flugvél
G		Atlanta	Flugvél
H		Thor Shipping ehf	Skip
I		Nes hf. Grundarfirði	Skip
K		Tollstjórar	
L		Ýmis leiguför	

Tollskrályklar

Tollskrályklar er listi yfir ýmis atriði sem tengjast útflutningnum s.d. markaðsvæði, villur, leyfi og umbúðir sem tengjast útflutningsgerðinni og er hægt annað hvort að tengjast tollskrályklum í skráningu eða tengist skilaboðum frá Skattinum s.d. villur.

←

Tollskrárlýkill

✓ Vistað
🔖
🔗

Gerð

Afgreiðslumátar
Afgreiðslumátar
Tollmeðferð
Tegundir viðskipta
Tollstöðvar
Tollvörugeymslur
Tegundir umbúða
Leyfi
Bönn
Markaðssvæði
Staðir
Tollpósthús
Flutningsmátar
Ábendi
Villukóti
Dagsetning
SMT tollmeðferð

🔗 ✓ 🔖

Stjórna

	Kóti ↑		Lýsing
→	AL	⋮	Almenn
	AT		Almenn
	BB		Tímabu
	BC		ATA-áby
	BD		Dagblö
	BF		Ferðam
	BL		Leiga á
	BN		Neyðar
	BO		BENSÍN
	BS		Sýningarbílar
	BT		Umflutningur (Transit)
	BV		Skjöl vantar
	ET		Einföld tollmeðferð
	HS		Hraðsendingar

Markaðssvæði

- EU-markaðssvæði:**
 Þetta svæði nær yfir öll lönd sem eru aðilar að EFTA (Evrópska fríverslunarsambandinu), ESB (Evrópusambandinu) eða EES (Evrópska efnahagssvæðinu).
 Dæmi um lönd: Ísland, Noregur, Liechtenstein, Sviss, öll ESB-ríki o.fl.
- IM-markaðssvæði:**
 Þetta eru öll önnur lönd sem EKKI tilheyra EU-markaðssvæðinu, þ.e. lönd utan EFTA, ESB eða EES.
 Dæmi um lönd: Bandaríkin, Bretland (eftir Brexit), Kína, Japan, Kanada o.s.frv.